

NÁMSLÝSING

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASMIÐA

Námskrá: Smiðja 2 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Skóla- og frístundasmiðja – í samræmi við námskrá Smiðja 2 – 1 (23-556-2-160)

VINNUSTUNDIR ÞÁTTAKANDA

Klukkustundir 160

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

8 framhaldsskólaeiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. útgáfa 2026

Gert af: Mími símenntun

Staðfest af FA samkvæmt reglum v-hæfniviðmiða námskrár

Innihald

Notkun hugtaka í námslýsingum FA.....	2
Námslýsing	2
Inntökuskilyrði	3
Hæfniviðmið námskrár Smiðja 2-1	3
Umfang og innihald.....	3
Skipulag	3
Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd.....	4
Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/ leiðbeinenda	4
Námsþættir	5
Yfirlitstafla	5
Verklag og vinnubrögð 2 – 1.1 F-SMIÐ 1 VA (27)	6
Lýsing	6
Verklag og vinnubrögð 2 – 1.2 F-SMIÐ 1 VE (1).....	7
Lýsing	7
Verklag og vinnubrögð 2 – 1.3 F-SMIÐ 1 ÞS (1).....	8
Lýsing	8

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 2 – 1, (23-556-2-160), í námskrárgrunni Miðstöðvar menntunar og skólajónustu og á vef FA.

Námskráin Smiðja 2-1 lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í þrjá námsþætti sem eru, verkefni í smiðju, verklag og vinnubrögð auk þjálfunar og sjálfstæðrar vinnu. Megintilgangur með námi í smiðju er að námsfólk kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Námið er ætlað þeim sem vilja kynnast störfum og hugmyndafræði í starfsemi grunnskóla og frístundastarfs. Megináhersla Skóla- og frístundasmiðju er að nemar fái innsýn í helstu verkferla sem snúa að starfi í grunnskóla- og frístundastarfi. Þau taka virkan þátt í fjölbreyttum vinnustofum sem leggja áherslu á virkni og skal sú reynsla nýtast við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni. Áhersla er á almenna starfshæfni námsfólks eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Markmið Skóla- og frístundasmiðju er að námsfólk öðlist skilning og getu til að vinna að einföldum verkum í störfum tengdum vinnu með börnum á grunnskólastigi. Þau geta þá nýtt kunnáttuna til að vinna að eigin verkum eða verkum annarra undir leiðsögn. Áhersla er á að nemar tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að efla samvinnu- og samskiptafærni sína. Jafnframt að þau afli sér þekkingar, leikni og hæfni með námi í gegnum vinnu sína.

Námið er 160 klukkustundir að lengd, sjá nánar í yfirlitstöflu á síðu 5, þrjú námsþættir og 8 einingar á framhaldsskólastigi. Við námslok er möguleiki á að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Eftirfarandi námslýsing er ætluð nemum, leiðbeinendum og fólki sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námslýsingin er einnig ætluð fólki sem vill leggja mat á námið fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir

Inntökuskilyrði

Nemendur þurfa að hafa færni í íslensku sem samsvarar A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum. Umsækjandi þarf að leggja fram sakavottorð

Hæfniviðmið námskrár Smiðja 2-1

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- reglum, verkferlum og vinnubrögðum sem tilheyra starfinu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhalda og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Leikni:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum á vinnustað
- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefni
- lesa og rissa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki.

Hæfni:

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á góðan undirbúning og öguð vinnubrögð
- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- fylgja fyrirfram ákveðnum reglum og verkferlum á vinnustað
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefni sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í þrjá námsþætti.

Skipulag

Námið er verklegt og skiptist í þrjá hluta með verkefnavinnu. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð í náminu. Hæfniviðmið námsþátta eiga við skipulagt nám í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn leiðbeinanda og skulu henta fólki sem lærir með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum en undir eftirliti leiðbeinanda. Í verkefnavinnu vinna nemar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum á vinnustað eða í smiðjunni.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og framkvæmd þess. Verkefnastjóri sér einnig til þess að námsþættir séu

sambættir ef við á og tryggir rökréttu samfellu þeirra með leiðbeinanda. Fræðsluaðili/verkefnastjóri ber ábyrgð á að aðstaða henti verklegri þjálfun og er tengiliður við lykilstarfsfólk á vinnustað, ef við á. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólki. Mikilvægt er að leiðbeinendur séu fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið sjálft og að námið fari að stórum hluta fram í aðstöðu sem alla jafna hentar starfseminni svo að nemar kynnist umhverfi sem er dæmigert.

Námið er verklegt og skiptist í þrjá hluta auk verkefnavinnu. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð á meðan námið stendur yfir en markmiðið er að byggja upp, styrkja og efla einstaklinginn til að öðlast þá færni sem starf í grunnskóla og í frístundheimilum krefst, að gefa nemum verkfæri sem nýtast í starfi með börnum og styðja við þá hæfni sem nemar þurfa til að þróast í námi og væntanlegu starfi. Nemar fá innsýn í helstu verkferla sem snúa að starfinu, taka virkan þátt í náminu sem er bæði bóklegt og verklegt. Þá öðlast nemar aukna þekkingu á íslensku starfsumhverfi og mun sú reynsla nýtast fólki til að bæta við sig enn frekari þekkingu, leikni og hæfni sem krafist er í starfi með börnum. Áhersla er á grunnskóla- og frístundastarf í heild sinni, réttindi og skyldur en um leið að nemar nái upp öryggi í starfi. Mikil hugmyndavinna fer fram, m.a. við að koma með nýngar í starfið út frá fyrri reynslu nemanna. Þriðji námsþátturinn snýst um vettvangsnám á viðeigandi vinnustað, þar sem nemar kynnast starfinu nánar og er jafnframt undirbúningur fyrir starf í grunnskóla- og/eða frístundastarfi. Með því að taka þátt í starfinu læra nemar um starfsemi í íslenskum grunnskólum og frístundastarfi. Að vettvangsnámi loknu koma nemar til baka og deila reynslu sinni af starfinu, tengja við aðra/fyrri námsþætti. Á seinustu vikum náms fer mikil sjálfstæð hugmyndavinna fram eftir vettvangsnámið, m.a. við gerð hagnýts lokaverkefnis sem gjarnan getur orðið eitt af verkfærum í starfi.

Áhersla er á að nemar tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að efla samvinnu- og samskiptafærni sína, hafi kunnáttu til að vinna eigin verkum eða annarra undir leiðsögn. Jafnframt að nemar afli sér þekkingar, leikni og hæfni með námi í gegnum vinnu sína.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Í upphafi eru viðfangsefni og skipulag námsins kynnt. Farið er yfir verklag og vinnubrögð, hvaða námsgögn er stuðst við og hvernig námsmati er háttað. Einnig er farið yfir verkefnaskil ef við á og að nemar fái kynningu á tækjum og tólum sem ætlast sé til að þeir noti á meðan á námi stendur. Nemar fara í vettvangsnám og vinna síðan úr því með því að setja saman kynningar og kynna fyrir samnemum sínum.

Mikilvægt er að leiðbeinandi fari yfir þær kröfur sem gerðar eru til nema um viðveru þeirra á meðan námið stendur yfir og að þeim sé afhent stundartafla. Nauðsynlegt er að gera nemum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og hvaða kröfur þeir geta gert til annarra.

Nemar fá kynningu á húsnæðinu sem námskeiðið fer fram í og þeim öryggisreglum og rýmingaráætlunum sem þar gilda.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/ leiðbeinenda

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og leiðbeinenda. Námssefni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna nema. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu námsins. Við nám í Skóla- og frístundasmiðju hafa þátttakendur tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni tengdum störfum í grunnskóla- og frístundastarfi. Áhersla er lögð á styrkleika hvers og eins, hvatningu og traust. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og aðlaga kennslu að mismunandi námsþörfum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnu námsfólki og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nema.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra, sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu, um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina

Námsþættir

Yfirlitstafla

Smiðja 2 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag - viðbót	Eining	Þrep
Verkefni í smiðju 2-1.1 Innihald námskeiðs, þarfagreining, félagslegt nám, grunn orðaforði, skipulag, verkdagbók, vinnuumhverfi	F- SMID1VS (27)	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2 Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, öryggi og heilsa, skyldur og trúnaður, réttindi	F- SMID1VE (1)	20	10	10	1	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3 Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, vettvangsnám, kynning eftir vettvangsnám	F- SMID2PS (1)	120	68	52	6	2
Vinnuframlag nema		160	88	72	8	

Verkefni í smiðju 2 – 1.1

F-SMIÐ 1 VA (27)

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verkefni #1
Viðfangsefni	Innihald námskeiðs, þarfagreining, félagslegt nám, grunnorðaforði

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að nemar kynnist grundvallaratriðum smiðjunnar, verkefnum sem unnin verða, verkferlum og hverjar áherslur námsins eru. Mikilvægt er að þarfagreina hópinn strax við upphaf, með tilliti til þjóðernis, menntunar og tungumálakunnáttu til að laga námið sem best að hverjum nema. Einstaklingar með íslensku sem annað mál fara í stöðumat í íslensku sem telst hluti af þarfagreiningu. Hópurinn er efldur til samvinnu með ýmsum aðferðum, líkt og samvinnuleikjum og verkefnum en einnig er grunnorðaforði í störfum í grunnskóla og frístundastarfi kynntur og þjálfður

Hæfniviðmið 2 – 1.1

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- verkefnum smiðjunnar
- vinnu í hóp
- mikilvægi góðrar mætingar og þátttöku

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja reglum í námi
- beita glósutækni

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota spil og leiki
- vinna í hópavinnu/teymisvinnu
- aukin samskipta- og samvinnufærni

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þrep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verklag #2
Viðfangsefni	Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, öryggi og heilsa, skyldur og trúnaður, réttindi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins miðar að því að námsfólk þjálfist í notkun fagmáls á íslensku sem þarf til að tjá sig í grunnskóla og frístundastarfi, kunnir grundvallar samskipti við börn og annað fólk innan vinnustaðar, komi fram af kurteisni og með fagmennsku að leiðarljósi. Nemar fá fræðslu um vinnuumhverfi og ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi. Nemar fá fræðslu um réttindi, skyldur á vinnustað auk trúnaðar sem krafist er í starfi með börnum. Nemar öðlast skilning á starfsreglum og vinnuumhverfi í grunnskólum og frístundastarfi, fá þjálfun í að bregðast við ýmsum aðstæðum sem gætu komið upp í starfi, þar sem krafist viðbragða af fagmennsku. Þá er fjallað um mikilvægi trúnaðar og tilkynningarskyldu í starfi með börnum í samræmi við lög um grunnskóla 91/2008. Persónuverndarlög, 90/2018, eins og við á; lög um opinbera starfsmenn 70/1996 þar sem við getur átt. Beitt verður fjölbreyttum kennsluáðferðum til að ná fram markmiðum. Áhersla er lögð á að námsfólk tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, beiti rökhugsun og útsjónarsemi og efli samvinnu- og samskiptafærni sína.

Hæfniviðmið 2 – 1.2

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- grunn í fagmáli tengdu starfi í grunnskóla og frístundastarfi
- réttindum, skyldum og trúnaði í skóla og frístundastarfi
- almennum starfsreglum
- vinnuumhverfi í skóla og frístundastarfi.
- ábyrgð þegar kemur að eigin heilsu, öryggi og umhverfi

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- eiga góð samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk samkvæmt verkferlum
- bregðast af fagmennsku (með leiðsögn) við aðstæðum sem geta komið upp.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota verklýsingar og verkerla og fara eftir þeim
- ræða af fagmennsku um aðstæður sem koma upp

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema

Þrep	2
Vinnustundir	120 (eða 68+52)
Námsgrein	Smiðja, þjálfun og sjálfstæð vinna #3
Viðfangsefni	skipulagning, vinna, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að námsfólk þjálfist í að tjá sig á fagmáli í skóla og frístundastarfi, þekki grundvallar samskipti við skjólstæðinga og annað starfsfólk. Komi fram af kurteisi með fagmennsku að leiðarljósi. Námsfólk fær fræðslu um hvernig skipulagning grunnskóla og frístundastarfs fer fram og ólíkar áherslur í starfi skóla út frá stefnu þeirra. Nemar fá kynningu á grunnskóla- og frístundastarfi og hvernig starf þar fer fram. Rætt er um væntingar og skyldur nema til vettvangsnámsins. Unnið er að undirbúningi fyrir vettvangsnám með verkefnaflistum og áherslum sem nemar skulu afla sér þekkingar og skilnings á í vettvangsnáminu. Rifjað er upp hver réttindi og skyldur starfsfólks í grunnskólum og frístundastarfi eru auk þess að nemar þurfi að undirrita trúnaðaryfirlýsingu á vinnustaðnum. Á vettvangi taka nemar fullan þátt í starfinu. Nemar kynna sér starfið í fjóra daga (20 klst.) og í framhaldi af því starfi kynna, þau verkefni sem þau tóku þátt í að gera, þær hugmyndir sem komu upp og reyna að tengja heimsóknina við námið í heild. Í lokin nýta nemar hugmyndirnar áfram í verkefnavinnu og vinna lokaverkefni, að eigin vali, sem þau tengja starfinu. Lokaverkefni er unnið með stuðningi frá leiðbeinanda en að mestu leiti sjálfstætt. Verkefnið er fyrst og fremst einstaklingsverkefni. Áhersla er lögð á að námsfólk tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, beiti rökhugsun og útsjónarsemi og eflí samvinnu- og samskiptafærni sína.

Hæfniviðmið 2 – 1.3

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnfagmáli í grunnskóla- og frístundastarfi
- réttindum, skyldum og trúnaði í starfi
- almennum starfsreglum í skóla- og frístundastarfi
- vinnuumhverfi í skóla og frístundastarfi
- helstu stefnum sem unnið er eftir í grunnskóla- og frístundastarfi.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- þekkja réttindi og skyldur í störfum með börnum
- fara eftir starfsreglum án leiðsagnar að miklu eða öllu leiti
- halda trúnaði og þekkja reglur varðandi trúnað í störfum með börnum.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- bera ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi
- sýna kurteisi og fagleg samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk
- miðla hugmyndum og upplýsingum til annarra

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

